
FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

I. tbl. XIII. árg.

18. ágúst 2006

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böðvarsson

=====

Skólasetning

Hvolsskóli verður settur miðvikudaginn 23. ágúst

- Nemendur 7. til 10. bekkjar mæti kl. 9
- Nemendur 4. til 6. bekkjar mæti kl. 11:30
- Nemendur 1. til 3. bekkjar mæti kl. 14
- Nýir nemendur ásamt foreldrum verða boðaðir sérstaklega til viðtals hjá umsjónarkennara fyrir skólasetningu.
- Nýir nemendur sem hyggja á skólavist í Hvolsskóla næsta vetur þurfa að sækja um skólavist hjá skólastjóra eins fljótt og við verður komið. Skráning nýrra nemenda er í síma 488-4240.
- Ef nemandi á ekki lögheimili í Rangárþingi eystra þarf að liggja fyrir samningur á milli lögheimilissveitarfélags nemandans og Hvolsskóla áður en hann hefur skólagöngu. Slíkur samningur er forsenda fyrir skólavist í Hvolsskóla hverju sinni.
- **Skólabílstjórar sjá um akstur nemenda á skólasetningu.**

Skólaskjólíð 24. ágúst

Skólaskjólíð verður starfrækt mánudaga til fimmtudaga fyrir nemendur úr 1. til 4. bekk að loknum skóla til kl. 17 ef næg þátttaka fæst. Kostnaður í Skólaskjólí á mánuði er kr. 5.500,- á nemanda (*ath. ekki er gefinn neinn afsláttur þó að nemandi sé fjarverandi, t.d. vegna leyfa eða veikindi í stuttan tíma*).

Sækja þarf um fyrir nemendur í Skólaskjólínu hjá ritara skólans í síma **488-4240** en Skólaskjólíð byrjar 24. ágúst.

Námskeið og starfsdagar

Starfið í Hvolsskóla hófst strax að lokinni verslunarmannahelgi með stundaskrárgerð, námskeiðum flestra kennara 10. og 11. ágúst og önnum annars starfsfólks við ræstingar og tiltekt í skólanum.

Formlegur undirbúningur skólastarf hófst síðan með starfsmannafundi þriðjudaginn 15. ágúst.

Um skólastarfið

1. – 4. bekkur:

mæting í skóla kl. 8:15 – alla daga vikunnar
hádegismatur kl. 11:05 – alla daga vikunnar
kennslu lýkur kl. 13:05 – alla daga vikunnar

5. – 6. bekkur:

mæting í skóla kl. 8:15 – alla daga vikunnar
hádegismatur kl. 11:35 – alla daga vikunnar
kennslu lýkur kl. 14:15 – mánu- og miðvikudaga
kennslu lýkur kl. 14:55 – þriðjudaga
kennslu lýkur kl. 13:05 – fimmtu- og föstudaga

7. – 10. bekkur:

mæting í skóla kl. 8:15 – alla daga vikunnar
hádegismatur kl. 12:15 – en föstudögum kl. 10:35
kennslu lýkur kl. 14:15 – mánu- og miðvikudaga
kennslu lýkur kl. 14:55 – þriðju- og fimmtudaga en hjá 7. bekk
lýkur kennslu á fimmtudögum kl. 13:15
kennslu lýkur kl. 13:05 – föstudaga

Um skólamáltíðir:

Nú í vetur er gert ráð fyrir skólamáltíð fyrir nemendur alla daga vikunnar. Matartíminn var færður fram sem þýðir að allir nemendur eiga þess kost að fá einn málsverð í skólanum hvern dag (*mikilvægt er að flestir/allir verði í mat*).

Skólamjólkin:

Nú þarf ekki lengur að kaupa mjólkurkortin hjá Laugu ritara því samkvæmt ákvörðun skólanefndar frá síðasta vetri skulu nemendur Hvolsskóla hafa aðgang að mjólk í svokölluðum nestistímum sér að kostnaðarlausu.

Tónlistarskólinn:

Forskóli tónlistarskólanna er fyrir nemendur 2. til 4. bekkjar foreldrum að kostnaðarlausu. Eins og sl. vetur eiga aðrir nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Rangæinga þess kost að stunda námið á skólatíma í Hvolsskóla óski þeir og foreldrar þeirra eftir því. Um slíka tilhögun sækja viðkomandi til Tónlistarskólans sem vinnur málið áfram í samvinnu við aðila.

Forfallatilkynningar og leyfi:

Veikindaforföll tilkynnast til ritara Hvolsskóla í síma 488-4240. Ef um er að ræða beiðni um leyfi er nauðsynlegt að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjóra. Einnig viljum við brýna fyrir foreldrum sem eru með börn í skólaakstri að láta skólabílstjóra vita ef börn þeirra eru veik eða þurfa ekki að nota skólabíl einhverra hluta vegna. Það er ekki nóg að láta bara vita af forföllum í skólann það þarf líka að láta vita í skólabílanum.

Inniskór:

Allir nemendur eru beðnir að hafa með sér inniskó í skólann þar sem ekki er leyft að vera á útiskóm í skólanum.

Heimili og skóli:

Frá og með þessu hausti verða stundaskrár nemenda aðgengilegar fyrir foreldra á mentor.is. Einnig eru kennarar tilbúnir í aukið samstarf við foreldra á netinu og viljum við hvetja foreldra til að notfæra sér þá leið í samskiptum heimila og skóla.

Kynningafundir fyrir foreldra:

Í september munum við svo boða til funda með foreldrum þar sem við munum kynna og fara yfir kennslufyrirkomulag og námsframboð í öllum bekkjum.

Íþróttastarf:

Í samvinnu við íþróttafélagin verður gefinn kostur á því að yngri nemendur geti farið í íþróttatíma á vegum félaganna strax að loknum skóladegi tvo daga í viku. Þeir nemendur sem nýta sér þessa íþróttatíma geta tekið síðustu skólaferð heim kl. 14:20 á mánudögum og kl. 15 á fimmtudögum (mánudagar fyrir 1.- 4. og fimmtudagar fyrir 5.- 7. bekk)

Frá Íþróttafélaginu Dímon: *Íþróttæfingar samræmdar skólastarfi og heimakstri nemenda – fyrstu skref.*

Í vetur verður boðið upp á nýjan og spennandi valkost fyrir nemendur 1.- 7. bekkjar þar sem íþróttæfingar á vegum Dímonar verða haldnar strax í kjölfar síðustu kennslustundar tvo daga vikunnar og verður þeim lokið fyrir seinni heimferð skólabíla.

Til að byrja með verður boðið upp á þessa nýbreytni tvo daga vikunnar, fyrir 1.- 4. bekk á mánudögum og fimmtudögum og fyrir 5.- 7. bekk á fimmtudögum.

Ef vel tekst til með þetta verkefni og þátttaka verður almenn, meðal nemenda aukast líkurnar á frekari samræmingu íþróttæfinga skólaaksturs og skólastarfs. Þetta skapar um leið þægindi fyrir foreldra ungs íþróttafólks sem á langt að sækja og sparar akstur og minnkar snúninga. Foreldrar eru beðnir um að fylgjast vel með þessu máli og hvetja börn sín til þátttöku.

Miðað er við að æfingarnar hefjist í september og fer nánari kynning fram á fyrstu dögum skólastarfs.

Breytingar á starfsliði:

Nú eins og oftast áður verða nokkrar breytingar á starfsliði skólans fyrir komandi skólaár.

Efemia Gísladóttir sérkennari kemur aftur til starfa úr námsleyfi og tekur við starfi deildarstjóra. Gissur Jónsson sem að gengdi starfi deildarstjóra sl. skólaár hefur látið af störfum við skólann. Ennig koma úr leyfum þær Birna Sigurðardóttir og Gerður Þórisdóttir.

Aðrir sem hætta störfum við skólann eru Borghildur Valgeirsdóttir, Lárus Ágúst Bragason, Margrét Einarsdóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir og Guðrún Eggertsdóttir.

Nýir kennarar eru Gunnhildur Á Jóhannsdóttir, Vibeke Dam Hansen, Þórunn Óskarsdóttir og nýir starfsmenn eru Sigríður Viðarsdóttir og Idalina Abranja Haita.

Við bjóðum nýja starfsmenn velkomna til starfa og þökkum öllum sem unnið hafa hjá okkur í Hvolsskóla fyrir vel unnin störf.

Gildi og framtíðarsýn Hvolsskóla

einstaklingurinn í brennidepli

Gildi:

- Börn í Hvolsskóla eiga rétt á að fá þá bestu menntun sem möguleg er hér á landi.
- Í Hvolsskóla ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum fólks sem birtist m.a. í starfsháttum meðal nemenda og starfsmanna sem einkennast af samvinnu og lýðræðislegri ákvarðanatöku.

Framtíðarsýn:

- Í Hvolsskóla er einstaklingurinn í brennidepli sem birtist í einstaklingsmiðuðu námi, samvinnu og sveigjanleika í kennsluháttum. Miða skal við þarfir og getu hvers og eins, með það að markmiði að stuðla að hámarksárangri.
- Nemendur skulu tileinka sér sjálfsaga, sjáfsvirðingu og raunhæft sjálfsmat. Gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti sem skilar sér m.a. í aukinni ánægju nemenda og kennara.
- Í skólastarfinu er lögð áhersla á samvinnu við grenndarsamfélagið, að kalla eftir og virða skoðanir fólks í samfélaginu. Litið er á samfélagið allt sem námsvettvang fyrir nemendur.
- Hvolsskóli er umhverfisvænn skóli. Námið er skipulagt í nánum tengslum við umhverfið og náttúruna með virðingu fyrir hvorutveggja að leiðarljósi.

